



Hemukrýl bitgrunnur

Vörunr. 1820

Lýsing

Hemukrýl bitgrunnur (1820) er vatnsþynnanlegur og nær lyktarlaus akrýlbundinn grunnur með frábæra viðloðunareiginleika á vel fituhreinsuð yfirborð. Grunnurinn inniheldur ryðvarnarefni og hefur engan hámarks yfirmálunartíma. Hemukrýl bitgrunnur er arftaki hinna svo kölluðu ætigrunna.

Notkun

Hemukrýl bitgrunnur (1820) er ætlaður sem viðloðunargrunnur á sinkhúðað og ryðfrítt stál, ál og aðra léttmálma, við meðaltærandi aðstæður, undir alkýð og akrýl málningarefni. Lágmarks hitastig við notkun og þornun er 5-6 °C. Þar sem grunnurinn er vatnsþynnanlegur og nær lyktarlaus er hann frábær til notkunar innanhúss í stað leysiefna þyntra ætigrunna.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Rauður	Þynnir: Vatn
Pakkningar: 1, 4 og 10 lítra	Áhaldahreinsir: Vatn
Efnisnotkun: 19 m ² /l - 20 µm þurrfilma	Þurrktími: ½ klst
Eðlisþyngd: 1,2 kg/l	Yfirmálun: Lágmark: 24 klst.
Þurrefni: 38 % (rúmmál)	Hámark: Ekkert

Undirmálun

Ekki þarf að grunna sérstaklega undir Hemukrýl bitgrunn (1820).

Yfirmálun

Mála má yfir Hemukrýl bitgrunn (1820) með Hjörva, Hempalin (t.d. Hempels þakmálningu), Hempatex eða Hemukrýl málningarefnum.

Áhöld

Pensill eða sprauta. Ef notaður er pensill eða loftlaus sprauta má þynna grunninn með vatni að hámarki 5 %. Spíss 0.015"-0.017" og þrýstingur 130 bör. Ekki er æskilegt að nota loftsprautu vegna hættu á þurrúða. Ef loftsprauta er notuð skal þynna grunninn 10 % með vatni. Hreinsið áhöld með vatni strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Það er mikilvægt að öll fita, sót og önnur óhreinindi séu hreinsuð burt með olíuhreinsi og háþrýstíþvotti eða volgu vatni. Það má ekki nota þynna við hreinsunina, því þeir gera lítið annað en að dreifa úr óhreinindunum og valda mengun. Gæta þarf vel að því að allar leifar hreinsiefnisins hafi verið fjarlægðar. Notið því ætíð hreint vatn við að skola flötinn eftir hreinsun. Flöturinn skal vera hreinn og þurr fyrir málun. Gljáandi fleti gæti þurft að matta og ýfa upp með sandpappír eða öðrum aðferðum. Ef slíkt er ekki gert skal gera viðloðunarprófun. Berið grunninn á lítinn flöt og látið þorna í einn sólarhring. Athugið síðan viðloðun með t.d. sköfu. Ef viðloðun er góð er óhætt að grunna allan flötinn með einni umferð af **Hemukrýl bitgrunni** (1820).

Athugasemdir

- Lágmarkshiti við málun og þornun er 5 °C og rakastig skal vera milli 40 og 75 %. Málið því aldrei seint að deginum til ef von er á náttfalli eða hitastigi undir 5 °C. Ef hitastig er við 10 °C við grunnun skal lengja yfirmálunartíma úr 24 klst í tvo sólarhringa þegar leysiefna málningar eru notaðar sem yfirmálningar.
- Þó að grunnurinn hafi engan hámarks yfirmálunartíma skal hann vera hreinn og vel þurr þegar hann er yfirmálaður.
- Ef málað er yfir með akrýlplastþeytumálningu, eins og Hjörva, er lágmarks yfirmálunartími 2 klst.
- Efnisnotkun skal ekki vera meiri en 19 m²/l. Látið grunninn þekja yfirborðið en hlaðið honum ekki upp í þykka filmu. Heppilegt er að marka þann flöt sem hver lítri ætti að duga á, samkvæmt uppgefnum tölum um efnispörf. Of þykk filma getur valdið slæmri viðloðun yfirmálningar.
- Grunnurinn má ekki frjósa. Hann skal geymast við hitastig frá 5-30 °C.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með **Hemukrýl bitgrunni** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.